LÖG

6
1. febr.

um breyting á lögum nr. 99 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við orðin „eða handveði" í 4. gr. laganna komi: eða sjálfsvörzluveði í afla fiskiskips, sem sett er samkv. l. nr. 46 31. maí 1927.

2. gr.

Fyrri málsgr. 9. gr. laganna orðist þannig:

Í þrotabúi eða skuldafrágöngubúi lántakanda skulu lán úr Skuldaskilasjóði njóta forgangsréttar samkv. 84. gr. skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1878.

3. gr.

Orðin „í fasteign eða skipi" í 1. lið 22. gr. laganna falli niður.

2. og 4. liður greinarinnar falli niður.

3. liður greinarinnar verði 2. liður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.